

Ár 2024, miðvikudaginn 20. mars er dómþing dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið, af þóru Margræti Hjaltested, dómara.

Fyrir er tekið: Mál nr. 3/2024
Judodeild Ungmennafélags Selfoss
gegn
Judosambandi Íslands (JSÍ)

Kærugögn málsins liggja frammi. Málið er skriflega flutt.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 11. febrúar 2024 og úthlutað til dómara þann 12. febrúar 2024. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð sem liggur fyrir í málinu, auk þess sem kæranda var gefinn kostur til að gera athugasemd við greinargerð kærða.

I.

Dómkröfur

Í kæru er í fyrsta lagi gerð sú krafa að kærði, JSÍ, fylgi eigin reglum samkvæmt afreksstefnu JSÍ 2018-2025 og velji þátttakendur í landsliðsverkefni samkvæmt punktakerfi JSÍ. Í öðru lagi er gerð krafa um að punktaskrá JSÍ sé uppfærð og birt á vef JSÍ. Þá er í þriðja lagi gerð krafa um að ákvörðun stjórnar kærða undir dagskrárlið nr. 1 á stjórnarfundi 14. nóvember 2023 verði dæmd ógild auk þess sem gerð er krafa um að ógilding nái einnig til nýs punktakerfis.

II.

Málatilbúnaður málsaðila

Kærandi lýsir málavöxtum með þeim hætti að þann 21. ágúst 2023 hafi borist tilkynning um landsliðsverkefni og val á þátttakendum fyrir hönd kærða. Í tilkynningunni kemur fram að í samráði við landsliðsþjálfara og byggt á stefnumótun sambandsins hafi Zaxa Simonishvili valið tvo leikmenn, Kjartan Hreiðarsson og Hrafn Arnarsson, til þess að reyna að komast á Ólympíuleikana í París 2024 í gegnum „Wild Card“. Í kjölfar ákvörðunar kærða sendi kærandi opið bréf, dags. 7. september 2023, stílað á kærða og ÍSÍ þar sem farið var fram á svör við fjórum spurningum. Kærði svaraði bréfinu þann 21. september 2023. Í kjölfarið var send frekari fyrirspurn á kærða um ýmis atriði tengd starfi kærða.

Í kæru kemur fram að val á þátttakendum í landslið hafi vakið furðu kæranda þar sem margir iðkendur hafi verið með fleiri afreksþekktum en þeir sem valdir voru. Telur kærandi að yfirstjórn hafi með valinu brotið meginreglu um að val í landsliðsverkefni fari eftir punktastöðu kærða. Telur kærandi að kærði beri að fara eftir punktaskrá yfir afrek keppenda en þannig verði tryggt að hæfustu einstaklingar, besta afreksfólkið, verði valið í landsliðsverkefni.

Til stuðnings kærundi vísar kærandi til e-liðar 11. gr. laga kærða um starfssvið stjórnar auk þess sem vísað er til afreksstefnu kærða. Rökstuðningur í kæru afmarkast við fyrsta lið kæru og er lítið sem ekkert vikið að öðrum og þriðja lið í kröfugerð kæranda nema í tengslum við umfjöllun um fyrsta lið.

Í greinargerð kærða er þess krafist að kæru verði vísað frá dómi þar sem kærufrestur 24. gr. laga ÍSÍ hafi verið liðinn þegar kæra barst. Vísað er til þess að hin kærða ákvörðun hafi verið tekin 21. ágúst 2023 og samskiptum við kæranda hafi lokið með svari kærða 23. september 2023. Kærði vísar til þess að

ekki séu til staðar ástæður til að veita fresti samkvæmt gr. 24.2 í lögum ÍSÍ. Í greinargerð kærða er vísað til þess að framkoma kæranda í kjölfar ákvörðunar stjórnar hafi verið með þeim hætti að brotið hafi verið gegn ákvæðum 37. gr. laga ÍSÍ en ákveðið hafi verið að kæra ekki málið til að reyna að skapa frið um málið.

Rakið er að aðild málsins sé óljós og einnig að hverju kæra lúti auk þess að enginn sé tilgreindur sem misgert er við í samræmi við gr. 31.1 og engir hagsmunir séu tengdir kæruefninu. Þá er bent á að kæra eigi ekki undir ákvæði 37. gr. laganna og beri að vísa frá þegar af þeirri ástæðu.

Kæranda var gefinn kostur á að skila skriflegum athugasemdum um greinargerð kærða í málinu. Í athugasemdum kæranda er áréttuð krafa um að val stjórnar kærða á þátttakendum í landsliðsverkefni verði ógilt, að um ástandsbrott sé að ræða og að kæruliðir tvö og þrjú feli jafnframt í sér ástandabrot. Verði ekki fallist á að um ástandsbrott sé að ræða sé farið fram á að veitt verði leyfi samkvæmt gr. 24.2 í lögum ÍSÍ með vísan til þess að kærandi hafi frá því ákvörðun var tilkynnt átt í samskiptum við kærða til að fá útskýringar á ákvörðun kærða. Þegar ljóst hafi verið að ákvörðun stjórnar kærða hafi ekki verið tekin á málefnalegum forsendum hafi kærandi lagt fram kæru.

Um aðild kæranda er vísað til gr. 31.2 í lögum ÍSÍ auk þess sem vísað er til þess að brott eigi undir gr. 37.1 laganna.

III.

Niðurstaða

Kærandi málsins er Judodeild Ungmennafélags Selfoss. Með vísan til 2. gr. laga um Judosamband Íslands eru ákvæði gr. 31.2 laga ÍSÍ um kærurétt uppfyllt.

Í máli þessu er kærð ákvörðun um val á þátttakendum í landsliðsverkefni sem tilkynnt var af kærða 21. ágúst 2023. Í kæru til dómstólsins eru tilgreind þrjú atriði en liðir tvö og þrjú virðast tengjast fyrsta lið kæru um val á þátttakendum í landsliðsverkefni og lítur rökstuðningur fyrir kæru að því vali en ekki vikið frekar að rökstuðningi fyrir þeim kæruliðum. Þó liggur fyrir að sú ákvörðun stjórnar sem vísað er til í þriðja lið kæru var tekin á fundi stjórnar kærða þann 14. nóvember 2023.

Samkvæmt gr. 24.1 í lögum ÍSÍ er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ sjö virkir dagar talið frá og með deginum eftir að atvik það sem kært er bar við. Fyrir liggur að hin kærða ákvörðun um val í landsliðsverkefni var tilkynnt þann 21. ágúst 2023. Þá var kæranda veittur frekari rökstuðningur fyrir ákvörðun í bréfi dags. 21. september 2023. Enn fremur liggur fyrir að ákvörðun stjórnar kærða varðandi punktaskrá var tekin á fundi þann 14. nóvember 2023. Kæra barst dómstóli ÍSÍ með tölvupósti þann 11. febrúar 2024. Ekki er fallist á að ákvæði gr. 24.2 eigi við í máli þessu. Með vísan til þess að kæra barst dómstólnum eftir að kærufrestur samkvæmt gr. 24.1 var liðinn er kröfu kæranda vísað frá dómi.

Í ljósi þess að kæru er vísað frá dómi þar sem hún uppfyllir ekki ákvæði um kærufrest verður ekki tekin afstaða til málsins að öðru leyti s.s. um það hvort kæra uppfylli skilyrði gr. 26.2 laga ÍSÍ.

IV.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.



Þóra Margrét Hjaltested

Kærandi er bent á ákvæði gr. 24.3 í lögum ÍSÍ þar sem segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi frest í fimm virka daga til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kærandi og almennir frídagar skulu ekki teljast með.

Kærandi hefur jafnframt rétt til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ innan viku frá því aðila var kunnugt um úrskurðinn, sbr. gr. 35.1 og 35.3 laga ÍSÍ.